



– British Standards 100 ára –

## Fötin lækna manninn

Þresku staðlasamtökin BSI, elstu staðlasamtök í heimi, áttu aldarafmæli á þessu ári. Þótt aldurinn færast yfir þá er nýjungagirnin söm við sig, enda 100 ár kannski ekki svo langur tími þegar stofnanir eiga í hlut. Hvað sem því líður, þótti við hæfi að samtökin héldu uppá afmælið með því að verðlauna einhverja nýjung sem skæri sig úr. Fyrir valinu urðu *föt sem lækna*. Margir sækja sér hressingu og andlega upplýftingu í fatakaup, en hér er dálítið meira á ferðinni.

### Föt við þunglyndi

Höfundur uppfinningarinnar er Díana nokkur Irani, rannsóknarnemi í tísku- og textíleidd Konunglega listaháskólans. Galdurinn á bak við *föt sem lækna* felst í því að leiða saman nýjustu tækni, aldagömul vinnubrögð í textíldnaði og þekkingu á grasalækningum. Örmsá lyfjahylki eru ofin í

efni fatanna. Snerting við húð þeirra sem klæðast fötunum sér síðan til þess að lyfin seytla smám saman út úr hylkjunum og komast um húðina inn í blóðrásina. *Föt sem lækna* má þvo í höndunum án þess að þau missi lækningamáttinn, sem getur enst mánuðum saman. Fötin eru ætluð gegn ýmis konar langvinnum sjúkdómum á borð við exem, liðagigt og jafnvel þunglyndi.

Að sögn Díönu Irani auðvelda fötin fólki að muna eftir lyfjunum sínum með því að tengja lyfjatökuna daglegri athöfn á borð við þá að klæða sig. Hún segist geta framleitt *föt sem lækna*, sérsniðin að þörfum hvers og eins. Díana vinnur jafnframt í samvinnu við sérfræðinga í grasalækningum að því að koma upp ráðgjafarþjónustu á Netinu.

Staðlaráð Íslands óskar systursamtökum sínum í Bretlandi, British Standards, til hamingju með afmælið.



Skyldi þetta vera dragt við astma?

## Staðlar létta þér lífið...

...þegar þú stendur í flutningum

Staðallinn ÍST EN 12522:1998 fjallar um flutninga á búslóðum fyrir einstaklinga og tilgreindir kröfur sem gerðar eru til þeirra sem bjóða slíka þjónustu.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðin að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.

## Hvað er að græða á gæðastjórnun?

- morgunráðstefna fyrir stjórnendur -

Efnt verður til stuttrar ráðstefnu í SALNUM, Tónlistarhúsi Kópavogs, föstudagsmorguninn 12. október undir heitinu „ISO 9000 - verkfæri til að gera betur. Hvað er að græða á gæðastjórnun?“ Forsvarsmenn þriggja virtra fyrirtækja greina frá reynslu sinni af gæðastjórnun og þeim ávinningi sem gæðastjórnun hefur skilað þeim. Stjórnendur í fyrirtækjum og stofnunum eru hvattir til að mæta og kynna frá fyrstu hendi dýrmætri reynslu annarra stjórnenda af ISO 9000 gæðastjórnun.

### Lífsspursmál

Það er ekki tilviljun að gæðastjórnun samkvæmt ISO 9000 hefur farið sigurför um heiminn síðustu áratugi. Gæðastjórnun er ekki abstrakt hugtak eða stjórnkerfi sem aðeins hentar fyrirtækjum af ákveðnu tagi eða stærð. Gæðastjórnun snýst um hluti sem hver einasti stjórnandi er að fást við frá degi til dags, og hefur margfaldlega sannað gildi sitt. Skilvirkari og ábatasamari stjórnun hentar öllum og það er ekki til það fyrirtæki eða sú stofnun sem ekki getur gert betur með ISO 9000. Raunar er krafan um gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9000 stöðlunum orðin svo sterk í sumum greinum atvinnulífsins, að fyrirtækjum innan þeirra er lífsspursmál að bregðast við. Það á ekki síst við um fyrirtæki í hugbúnaðargæð og upplýsingatækni.

### Vanir menn

Prír valinkunnir menn úr íslensku atvinnulífi munu tala um reynslu fyrirtækja sinna af gæðastjórnun þannig að aðrir stjórnendur skilji. Þeir eru Sigurjón Pétursson, framkvæmdastjóri VKS, Bergsteinn Einarsson,



Það verða vanir menn sem tala á ráðstefnunni 12. október

forstjóri Sets hf. og Helgi Jóhannesson, framkvæmdastjóri Norðurmjólkur ehf. Þá mun Kjartan J. Kárason, framkvæmdastjóri Vottunar hf., fjalla um ISO 9000 vottun og nýja útgáfu ISO 9000 gæðastaðlanna.

Fjöldi vottaðra gæðakerfa samkvæmt ISO 9000 er orðinn yfir 400.000 í heiminum öllum. Það sem einkennir vottuð fyrirtæki er að þau eru meðal þeirra framsæknu á sínu sviði og þjóna kröfuhörðum mörkuðum. Það er því eftir miklu að slægjast á ráðstefnunni á föstudaginn 12. október.

Hægt er að skrá sig á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) eða í síma 520 7150, sjá auglýsingu á bls. 3.

Að ráðstefnunni standa Staðlaráð Íslands, Samtök iðnaðarins, Stjórnvísir - félag um framsækna stjórnun og Vottun hf.

- Ekki bara andlitslyfting -

## Staðlamál og stadlar.is

Það blasir við og þarf ekki að hafa um það mörg orð: Staðlamál - fréttabréf Staðlaráðs Íslands - hefur fengið nýtt útlit. Þetta er liður í allsherjar andlitslyftingu Staðlaráðs, andlitslyftingu sem reyndar er ekki öll í andliti fólgin heldur snýst fyrst og fremst um að bæta þjónustu við viðskiptavinum okkar.



### stadlar.is

Nýr vefur Staðlaráðs er einnig í burðarlíðnum; stadlar.is. Nú þegar er hægt að panta þar staðla í Staðlabúðinni, skoða og panta staðla og frumvörp úr Staðlatíðindum, skrá sig á námskeið og aðra viðburði, fá helstu upplýsingar um Staðlaráð og fleira. Meira efni mun bætast við á næstunni.

Fötin lækna manninn - bls. 4

Ráðstefna fyrir stjórnendur - bls. 3

Stjórnun umhverfismála - bls. 2

– ISO 14000 –

# Stjórnun umhverfismála í fyrirtækjum

Fyrirtæki víða um heim hafa fundið fyrir vaxandi samkeppni á öllum sviðum síðustu áratugi. Ekki er útlit fyrir annað en samkeppnin haldi áfram að aukast. Lönd sem áður gátu treyst því að vera næstum einráð á ákveðnu sviði standa allt í einu frammi fyrir því að annars staðar á hnettinum er fyrir samskonar þekking, þekking sem miðlað er með sífellt meiri hraða.

## Enginn er eyland

Það sama má segja um þróun umhverfismála. Fyrirtæki finna sífellt fyrir meiri þrýstingi hvað þann málaflökk varðar. Sérstaklega hafa stórfyrirtæki fundið fyrir því og nægir að benda á umræðuna hérlendis síðustu misserin. Í umhverfismálum er nefnilega enginn eyland, ekki einu sinni Ísland.

Eðli málsins samkvæmt eru rekstrarstærðir stórfyrirtækja stórar, hvort sem um er að ræða peningalegar upphæðir, starfsmannafjölda eða úrgangsslosun. Smærri fyrirtæki virðast í því samhengi skipta minna máli. Það er þó ekki endilega svo ef tekið er tillit til fjölda þeirra. Það er ekkert einhlítt í þessum efnunum. Kjarni málsins er sá, að hvort sem um er að ræða stór eða smá fyrirtæki þurfa þau að uppfylla sömu kröfur í umhverfismálum, vita hvað þau eru að gera og hver áhrif þeirra eru á umhverfið. Ekki aðeins vegna utanaðkomandi þrýstings, heldur einnig vegna þess að þau þurfa að huga vel að því hvernig þau fara með - bæði aðföng og úrgang.

## Umhverfisstjórnun

Kröfur til fyrirtækja um bætta frammistöðu í umhverfismálum hafa klárlega aukist. Oftar en ekki eru starfsleyfi og viðskiptavild þeirra háð því að þau uppfylli tilteknar kröfur um stjórnun umhverfismála og dragi úr áhrifum rekstrarins á umhverfið eins og kostur er. Staðlaröðin ISO 14000 fjallar einmitt um stjórnun umhverfismála í fyrirtækjum. Kröfunum svipar um margt til krafna sem eru til-



Það getur orðið stjórnendum dýrkeypt að hlusta ekki á kröfur tímans. Þessi ætti heldur að seilast með fingrunum eftir eintaki af ISO 14000 staðlaröðinni.

greindar í ISO 9000 gæðastjórnunarstöðlunum og telja margir að 14000 staðlarnir eigi eftir að ná álika útbreiðslu og gæðastjórnunarstaðlarnir áður en langt um líður.

Í staðlinum ÍST EN ISO 14001:1996 er að finna kröfur um að fyrirtækið setji sér umhverfismálastefnu, sem sé aðgengileg almenningi. Stefnan þarf að hæfa fyrirtækinu, og í henni skuldbindur fyrirtækið sig til að fylgja lögum og reglugerðum. Fyrirtækið setur sér markmið í umhverfismálum sem grundvallast á umhverfismálastefnunni. Á grundvelli umhverfisúttektar þarf fyrirtækið að skilgreina hvaða umhverfisþættir tengjast því og hverjir þeirra hafa umtalsverð áhrif á umhverfið. Fyrirtækið þarf að setja sér markmið um stöðugar umbætur varðandi þýðingarmikla umhverfisþætti og leggja fram áætlun um hvernig þeim skuli náð. Stjórnendur þurfa að láta starfsfólki í té aðföng og auðlindir til að koma kerfinu á fót og halda því við. Skilgreina þarf ábyrgðarskiptingu innan fyrirtækisins varðandi umhverfismál, greina þörf fyrir þjálfun og tryggja skilvirk samskipti, jafnt innan fyrirtækisins sem utan. Halda þarf uppi markvissri stýringu á starfsemi sem varðar þýðingarmikla umhverfisþætti og skipuleggja viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi. Með

vöktun og mælingum á þýðingarmiklum umhverfisþáttum er stöðugt fylgst með því að örugglega sé stefnt að settum markmiðum. Einnig þarf stöðugt að meta hvort viðkomandi lögum og reglugerðum sé fylgt. Þegar frábrigði frá venjubundnu verklagi er greint þarf að grípa til ráðstafana sem eru í samræmi við mögulega stærð vandans. Yfirstjórn fyrirtækisins þarf að fylgjast með virkni kerfisins með því að nýta sér niðurstöður umhverfisúttekta og ganga úr skugga um hvort nauðsyn sé á að breyta stefnu og markmiðum vegna breyttra aðstæðna í ytra umhverfi.

## ISO 14000 og EMAS

Evrópusambandið hefur gefið út reglugerð um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi, svokallaða EMAS-reglugerð. (Eco-management and audit schemes). Kröfurnar sem eru gerðar í EMAS eru mjög áþekkar þeim sem er að finna í ISO 14000 enda hefur framkvæmdastjórn ESB viðurkennt ISO 14000 staðlana sem módel að umhverfisstjórnunarkerfi innan fyrirtækja. Tiltölulega einfalt er að samræma umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækis þannig að það uppfylli kröfur í bæði EMAS og ISO 14000.

Sveinn V. Ólafsson  
Verkfræðingur, Staðlaráði Íslands

– Alþjóðlegi staðladagurinn 14. október 2001 –

# Staðlar og umhverfi hönd í hönd


Alþjóðlega Staðladesginum verður fagnað í þrítugasta og annað sinn þann 14. október nk. Þetta árið er dagurinn helgaður umhverfinu. Það er ekki að ófyrirsynju. Skilyrði þess að markmið þjóða í umhverfismálum nái fram að ganga er samkomulag um hvernig skuli t.d. mæla mengun og meta árangur. Án sammælis um slík grundvallaratriði - án staðla, verður hvorki samið um eitt né neitt.

Þegar eru til hundruð alþjóðlegra staðla um sértæk efni sem snerta mælingar á andrúmslofti, vatni og jarðvegi. Þúsundir til viðbótar varða framleiðsluferli, endurnýtingu, förgun úrgangs og svo framvegis. ISO 14000 staðlarnir um umhverfisstjórnun hafa hlotið mikla útbreiðslu og eru í mikilli sókn. Þá eru ótaldar hvers kyns leiðbeiningar frá alþjóðlegum staðlasamtökum varðandi umhverfið, til dæmis um umhverfismerkingar á vörum.

Um mikilvægi fjarskipta og úrvinnslu upplýsinga með rafrænum hætti þegar umhverfismál eru annars vegar, þarf ekki að fjölyrða. Staðlar koma þar mjög við sögu.

Prenn alþjóðasamtök standa að alþjóðlega staðladesginum; Alþjóða staðlasamtökin ISO, Alþjóða raftækniráðið IEC og Alþjóða fjarskiptasambandið ITU. Í ávarpi forseta þessara þriggja samtaka kemur fram að sú áhersla á umhverfið sem gætur innan þeirra komi til með að hafa mikil áhrif á það hvernig þjóðir heims muni standa að verki við að ná markmiðum sínum í umhverfismálum. Forsetarnir þrír segja að umhverfi og staðlar gangi ekki einungis hönd í hönd, heldur sé þetta tvennt í raun óaðskiljanlegt.

Alþjóðlegi staðladagurinn 14. október 2001 er helgaður umhverfinu. Myndin er eftir brasilíska listamanninn Carla Fatio



Ráðstefna fyrir **stjórnendur** í fyrirtækjum föstudaginn 12. október nk.

## Hvað er að græða á gæðastjórnun?

Forsvarsmenn framsækinnra fyrirtækja segja skoðun sína og greina frá reynslu sinni af gæðastjórnun með ISO 9000

Framsögumenn:	<b>Davíð Lúðvíksson</b> varaformaður Staðlaráðs Íslands og stjórnarformaður Vottunar hf.	<b>Staður: Salurinn</b> Tónlistarhúsi Kópavogs, Hamraborg 6
<b>í byggingariðnaði</b>	<b>Bergsteinn Einarsson</b> forstjóri Sets hf.	<b>Stund: 8:45 - 11:30</b> föstudaginn 12. október
<b>í matvælaíðnaði</b>	<b>Helgi Jóhannesson</b> framkvæmdastjóri Norðurmjólkur ehf.	<b>Rafræn þátttökuskráning</b> Sendið nafn og starfsheiti ásamt heiti fyrirtækis og kennðölu á netfangið <b>iso@si.is</b>
<b>í upplýsingatækni</b>	<b>Sigurjón Pétursson</b> fonsjóri VKS hf.	fyrir 12. október nk. Þátttökugjald er 5.000 krónur. Innifalinn ráðesfnugögn og veitingar í fundarhléi.
	<b>Kjartan J. Karason</b> framkvæmdastjóri Vottunar hf.	
Fundarstjóri:	<b>Guðrún Ragnarsdóttir</b> formaður Stjórnvísis, félags um framsækna stjórnun.	

Nánari upplýsingar um ráðstefnuna eru veittar í síma 520-7150.